



Fréttatilkynning

frá

skrifstofu forseta Íslands

RÍKISHEIMSÓKN FORSETAHJÓNA TIL FINNLANDS HAFIN

Forsetahjón, Halla Tómasdóttir og Björn Skúlason, hófu tveggja daga ríkisheimsókn til Finnlands í morgun. Gestgjafar þeirra eru forseti Finnlands, Alexander Stubb, og eiginkona hans, Suzanne Innes-Stubb. Markmið heimsóknarinnar er að styrkja hin góðu tengsl Íslands og Finnlands, meðal annars á sviði viðskipta, varnarmála og orkumála. Á fyrri degi ríkisheimsóknarinnar átti forseti Íslands, Halla Tómasdóttir, fundi með Alexander Stubb forseta Finnlands, Jussi Halla-aho forseta Eduskunta – finnska þjóðþingsins, og Petteri Orpi forsætisráðherra Finnlands. Einnig ræddu varnarmálaráðherra Finnlands og utanríkisráðherra Íslands saman og skrifuð undir yfirlýsingu um nánara varnarsamstarf landanna tveggja.

Dagskrá ríkisheimsóknarinnar hófst kl. 10.00 með formlegri móttökuathöfn framan við forsetahöllina í Helsinki. Lúðrasveit lék þjóðsöngva beggja landa og í kjölfarið voru opinberar sendinefndir kynntar fyrir forsetum og mökum þeirra. Því næst var gengið inn í forsetahöllina. Þar skráðu forseti Íslands og maki nöfn sín í gestabók, auk þess sem veittar voru orður og skipst á gjöfum.

Halla Tómasdóttir og Alexander Stubb áttu í kjölfarið klukkustundarlangan fund í Forsetahöllinni. Fyrst ræddu þau einslega saman en síðan ásamt opinberum sendinefndum beggja landa. Meðal þess sem bar á góma voru tvíhliða samskipti Finnlands og Íslands sem eiga sér langa og farsæla sögu en einnig samvinna þjóðanna á vettvangi Norðurlandaráðs. Málefni

Norðurslóða voru rædd, sem og stuðningur beggja landa við Úkraínu. Einnig var fjallað um víðtæka samvinnu landanna á sviði menntunar og viðskipta og líðan ungs fólks í löndunum tveimur.

Í kjölfar fundarins skrifuðu varnarmálaráðherra Finnlands, Antti Hakkanen, og utanríkisráðherra Íslands, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, undir tvíhliða samstarfsyfirlýsingu um varnarsamstarf en þau höfðu áður fundað um sameiginlega hagsmuni og áherslur landanna í utanríkismálum. Jafnframt var haldinn blaðamannafundur þar sem forsetarnir lásu yfirlýsingar og svöruðu spurningum blaðamanna. Forseti Finnlands ræddi m.a. um þær breytingar sem innganga Finna í NATO hefði haft á samstarf landanna. Forseti Íslands ræddi m.a. nána samvinnu landanna á sviði velsældar.

Meðan þessu fór fram heimsóttu Björn Skúlason og Suzanne Innes-Stubb, ásamt Ásthildi Jónsdóttur sendiherrafrú, veitingastaðinn Nolla í Helsinki og þaðan héldu þau á Ólympíuleikvanginn og Tahto-íþróttasafnið. Forsetahjón beggja landa þáðu síðan hádegisverð í ráðhúsi Helsinki í boði borgarstjórans, Daniels Sazonov.

Eftir hádegisdags heimsótti forseti Íslands og opinber sendinefnd finnska þjóðþingið. Forseti þingsins, Jussi Halla-aho, tók á móti hópnum. Gengið var um þinghúsið og heilsað upp á þingmenn en síðan var fundað með fulltrúum þeirra flokka sem eiga sæti á þinginu. Rætt var um samvinnu þjóðþinga beggja landa og fjölþætt samstarf Finnlands og Íslands, bæði á vettvangi Norðurlandaráð og samráðsvettvani þeirra og Eystrasaltsríkjanna. Á meðan heimsóttu Björn Skúlason og Suzanne Innes-Stubb, ásamt Ásthildi Jónsdóttur sendiherrafrú, fyrirtækið Solar Foods sem framleiðir matvæli með aðferðum líftækni.

Dagskrá eftirmiðdagsins lauk á fundi Höllu Tómasdóttur og Petteri Orpo forsætisráðherra í embættisbústað þess síðarnefnda, Kesäranta. Þau ræddu fyrst einslega saman en síðan ásamt sendinefndum beggja landa. Fjallað var m.a. um stöðu alþjóðamála á breiðum grundvelli í ljósi aukinnar spennu í alþjóðasamskiptum, minni tiltrú á alþjóðakerfið og skorti á virðingu fyrir alþjóðalögum. Einnig komu málefni ungs fólks til tals og þau áhrif sem falsfréttir og áróður geta haft á lýðræðisþróun. Dagskrá þessa fyrri dags ríkisheimsóknar forseta Íslands og maka til

Finnlands lauk með glæsilegum kvöldverði í forsetahöllinni í boði forseta Finnlands, Alexander Stubb, og eiginkonu hans, Suzanne Innes-Stubb.

7. október 2025